

Nr. 20-043 S 030 Vöttur / Börkur NK 122**Ásigling í höfn****Vöttur**

Skipaskr.nr. 2734
 IMO: 9433573
 Smíðaður: Holland 2007, stál
 Útgerð: Hafnarsjóður Fjarðabyggðar
 Stærð: 86,05 brl. 95,72 bt.
 Mesta lengd: 19,54 m Skráð lengd: 17,77 m
 Breidd: 7,3 m Dýpt: 3,39 m
 Vél: Caterpillar 1492 kW, 2006
 Fjöldi skipverja: 2



Vöttur©Björgvin Baldursson

Börkur

Skipaskr.nr. 2865
 IMO: 9622966
 Smíðaður: Tyrkland 2012, stál.
 Útgerð: Síldarvinnslan hf
 Stærð: 3588 bt.
 Mesta lengd: 80,3 m Skráð lengd: 70,98 m
 Breidd: 17,0 m Dýpt: 12,3 m
 Vél: MAK 4.320 kW, 2002.
 Fjöldi skipverja: 8



Börkur©mbl.is/Borgeir

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. mars 2020 var dráttarbáturinn Vöttur til aðstoðar í höfninni á Neskaupsstað. Veður: ASA 10-12 m/sek.

Vöttur var að aðstoða olíuskipið Stenheim (IMO 9261114, skráð á Gíbraltar) sem vegna veðurhæðar rak undan vindi og var hætta á að það færi í Suðurgarðinn. Hafnsögumaður var um borð í Stenheim en skipið er 144 m að lengd og 23.15 m á breidd.

Eftir að hafa aðstoðað olíuskipið inn fyrir hafnarmynnið var stefni þess komið nokkuð nærri Berki sem lá við Löndunarbyggjuna. Vetti var þá siglt fram fyrir olíuskipið og stjórnborðsmegin við það til að ýta því frá honum (sjá mynd 1).




Stenheim©NN

Við þetta vildi það til að Vöttur rakst harkalega með bakborðslunninguna utan í Börk NK 122 (sjá mynd 2) sem verið var að landa úr.



Mynd 1 Gróf afstöðuteikning af vettvangi

Við þetta kom gat á bakborðshornið á skut Barkar (sjá mynd 2) og nokkrar skemmdir urðu á Vetti. Börkur var frá veiðum í rúma tvo sólarhringa vegna atviksins.



Mynd 2 Skemmdin á Berki

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá skipstjóra Vattar að hann hefði þurft að vera fljótur að komast stjórnborðsmegin við olíuskipið til að forða því að það lenti á Berki. Börkur hefði verið mjög nálægt og of seint að snúa við að hans mati. Einnig kom fram að hann hafi verið, eftir á að hyggja, of ákafur og hraðinn við þessa aðgerð of mikill;
- að skipstjóri Vattar sagði að þess hefði verið óskað, við útgerða Barkar, að hann yrði færður þar sem nálægð hans við hornið væri truflandi. Þær skýringar hefðu fengist að löndunarbarkar væru of stuttir og skipið yrði því að liggja svona við bryggjuna;
- að hafnsögumaðurinn um borð í Stenheim varð ekki vitni af atvikinu;
- að fram kom hjá skipstjóra Vattar að áhöfnin og hafnsögumaður hafi farið yfir atvikið eftir á til að draga lærdóm af því. Ekki kom fram hvort einhverju verklagi var breytt;
- að ekki var til áhættumat fyrir aðstoð við olíuskip í Norðfjarðarhöfn.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er vanmat skipstjóra Vattar á aðstæðum.

Sérstök ábending:

Nefndin leggur til að hafnaryfirvöld geri áhættumat fyrir stór skip með hættulega farma fyrir höfnina og mögulegar afleiðingar ef eitthvað fer úrskeiðis